

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Kópavogur 03.05.2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál.

Orkusalan fagnar að stigin séu skref til að einfalda leyfisferli við uppbyggingu vindorkuvera, enda er vindorka ein af þeim leiðum sem hægt er að nýta til að bregðast við orkuskortri sem nú ógnar raforkuöryggi landsmanna til skemmri tíma litið. Þá er einnig brýnt að auka framleiðslu á grænni orku í landinu svo hægt sé að ná markmiðum stjórnvalda og atvinnulífs um orkuskipti í samgöngum, flutningum o.fl.

Bent hefur verið á að vindorka fari sérstaklega vel með stýranlegu vatnsafla eins og er á Íslandi í þeim virkjunum sem hafa góða vatnsmiðlun. Þá er vindorka með heppilegt ársmyndur, þ.e. með meiri framleiðslu að vetri en sumri, sem rímar við notkunarmyndur almenna raforkumarkaðarins.

Það hefur ekki verið einhugur um hvort rétt sé að vindorka heyri undir lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun enda er hún annars eðlis en vatnsorka og jarðvarmi. Vindur er ekki staðbundin náttúruauðlind með sjálfstæðu verndargildi, á sama hátt og fossar og jarðhitasvæði sem í dag mynda grunn að orkuvinnslu á Íslandi. Nýting vindorku hefur þó sjónræn áhrif og einnig eru möguleg áhrif á fuglalíf, hljóðvist og fleiri þætti sem þó eru að mestu afturkræfir.

Ágæt umræða fór fram fyrir nokkrum misserum um það hvernig meta skuli vindorkukosti og hvernig haga eigi leyfisferlinu. Rætt var um a.m.k. þrjár leiðir: Skosku leiðina sem felst í að útiloka viðkvæm svæði fyrir fram, rammaáætlun sem gengur út á heildstæðan samanburð stærri orkukosta á landsvísu og einnig að treysta á skipulagsvald sveitarfélaga.

Sú tillaga sem hér birtist virðist ganga út á að nýta öll áðurgreind ferli og það með strangari hætti en gildir um aðra orkukosti, þ.e. vatnsafl og jarðvarma. Nánar tiltekið eru eftirfarandi atriði strangari hvað varðar vindorku en aðra kosti:

- Stærð orkumannvirkis skiptir máli en ekki bara uppsett rafafli eins og um aðra virkjanakosti, þ.e. 100 m. hæð orkumannvirkis.
- Fjöldi landsvæða er fyrir fram útilokaður frá vindorkunýtingu skv. 3. mgr. 3. gr. Um vatnsafl og jarðvarma gildir aðeins að A-hluti náttúruminjaskrár er útilokaður á meðan önnur landsvæði koma til mats í vinnu verkefnisstjórnar og faghópa.
- Verndar- og orkunýtingaráætlun er bindandi við gerð skipulagsáætlana fyrir vatnsafl og jarðvarma en ekki vindorku.
- Verkefnisstjórn er bundin af stefnu stjórnvalda um vindorku við vinnu sína en ekkert slíkt gildir um vinnu verkefnisstjórnar með orkukosti sem snúa að vatnsafla og jarðvarma.

Það má því velta fyrir sér hvort óþarflega langt sé gengið með framangreindum skilyrðum þegar kemur að vindorku. Sem dæmi má nefna að með því að útiloka „svæði innan marka friðlýstra menningarminja“ getur verið um að ræða mjög afmörkuð fyrirbæri, sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2012, svo sem kláfferju, fjárrétt eða leifar af brú, og ef til vill óþarfi að útiloka heilu landsvæðin frá uppbyggingu vindorku þó þar sé að finna tilteknar minjar sem auðvelt er að hlífa við raski.

Það væri því gagnlegt á þessu stigi að taka saman kort sem sýnir hvaða landsvæði standa eftir þegar tekið hefur verið tillit til allra útilokunarþátta í 3. grein frumvarpsins.

Komi til þess að vindorka verði felld undir rammaáætlun telur Orkusalan jákvætt að opna leið til að þau vindorkuver sem hafa takmörkuð umhverfisáhrif, verði undanskilin ítarlegri umfjöllun á vegum verkefnisstjórnar og faghópa, sbr. 6. grein frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Orkusölnunnar

Magnús Kristjánsson, forstjóri